

Þriðjudaginn 30. maí 1995.

Nr. 178/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Jónasi James Norris

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 1995, þar sem varnaraðila er gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 9. júlí 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber úrskurðinn með vísan til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 25. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Jónasi James Norris, kt. 230762-5549, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 9. júlí 1995 kl. 16.00.

Rökstuddur grunur leikur á, að kærði sé viðriðinn umrædd brot, og er fallist á það með rannsóknarlögreglu, að veruleg hætta leiki á, að kærði muni torvela rannsókn málsins með því að hafa áhrif á vitni eða samseka og að þýfi verði komið undan.

Þykja þannig skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála vera fullnægt svo og skilyrði 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, en brot ákærða, ef sannað þykir, kynni að varða hann fangelsisrefsingu, sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa síðastliðna nótt stolið úr geymslu í íbúðarhúsi við Klapparstíg 1 á hér í borg 200 kapalbindingum, 50 draghnoðum, 50 kapalspennum, 70 járnskrúfum og 70 múrtöppum úr plasti, sömu leiðis að hafa stolið kíttisbyssu, glerskera, olíubrúsa og dúkhníf úr húsi að Njálsgötu 60 b og loks að hafa stolið 3 eintökum af Morgunblaðinu við Laugaveg.

Þá er þess að geta, að hér við dómstólinn eru til meðferðar 9 ákærur á hendur kærða vegna brota á refsilögum, og kvaðst hann í yfirheyrslu hér fyrir dómi hafa viðurkennt sakargiftir hjá lögreglu vegna þeirra brota.

Kærði er síbrotamaður, og samkvæmt sakavottorði hans hafa mál á hendur honum vegna hegningarlagabrota 19 sinnum komið fyrir dómstóla frá árinu 1978. Þá var hann staðinn að verki nú í morgun, svo sem hér að framan er rakið.

Auk þess sem að framan greinir um a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, verður gæsluvarðhald yfir kærða reist á c-lið 103. gr. sömu laga, með því að hegðun hans gefur tilefni til þess að ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið.

Með vísan til framanritaðs þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 9. júlí nk. kl. 16.00, svo sem krafist hefur verið.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jónas James Norris, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 9. júlí nk. kl. 16.00.
